

A 1803/välfärd

Afgreiðsla: Norræna velferðarnefndin

Nefndarálit Norrænu velferðarnefningarinnar um
þingmannatillögu um norrænt samstarf gegn heiðurskúgun

Tillaga

Norræna velferðarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda

að þær víkki út norrænt samstarf á sviði rannsókna, réttarvörslukerfis og stjórnvalda sem starfa við að fyrirbyggja ofbeldi sem kennt er við heiður (heiðursofbeldi),

að þær greini forvarnir norrænu ríkjanna gegn heiðursofbeldi og -kúgun og mismunandi birtingarmyndum þess svo sem barnahjónaböndum, þvinguðum hjónaböndum og limlestingu á kynfærum, bæði að því er varðar börn og ungmenni og forsjárhafa,

að þær greini hvernig norrænu ríkin hafa á ýmsum stigum stjórnsýslunnar beitt sér sérstaklega gegn barnahjónaböndum,

að þær greini hvernig norrænu ríkin hafa beitt sér gegn limlestingu á kynfærum stúlkna og kvenna og til hvaða ráðstafana þau hafa gripið í því skyni að tryggja þolendum slíkrar meðferðar rétt til heilbrigðisþjónustu og stuðnings,

að þær skiptist á upplýsingum um rannsóknir réttarvörslukerfisins á „heiðursglæpum“ með sérstakri skírskotun til barnahjónabanda, þvingaðra hjónabanda og limlestinga á kynfærum,

að þær greini starf norrænu landanna að málefnum kynferðislegra minnihlutahópa meðal ólíkra hópa þar sem kennisetningar tengdar heiðurssjónarmiðum bæði mæla fyrir um og vinna gegn möguleikum einstaklinga á að velja sér lífsförunaut að eigin ósk.

Bakgrunnur

Meðal helstu baráttumála samtímans fyrir frelsi er að brjóta á bak aftur kúgun sem kennd er við heiður. Allir eiga að njóta réttar til að ráða framtíð sinni, óháð kyni og óháð fjölskylduböndum. Slík réttindi hafa verið álitin sjálfsögð í samfélagi okkar en stúlkur og drengir, konur og karlar, sem búa við að heiður fjölskyldu og þjóðernishóps sé tekinn fram yfir einstaklingsfrelsi, njóta ekki slíkra réttinda. Meðal annars er átt við aðgang að



allri kennslu í skólum, að mega vera með vinum sínum, að eiga frístundir, að ráða kynverund sinni, njóta friðhelgi líkama síns, geta valið sér lífsförunaut og átt þess kost að taka ákvarðanir um og hafa áhrif á eigið líf.

Árið 2009 kom út skýrsla á vegum sænsku stofnunarinnar Ungdomsstyrelsen, sem þá var starfrækt um málefni æskulýðsins, þar sem fram kom að 70 þúsund ungmennum væri meinað að ráða hvern þau gengju að eiga. Árið 2014 mat Carin Götblad, opinber verkefnisstjóri um ofbeldi í nánnum samböndum, það svo að 100 þúsund strákar og stelpur undir 25 ára aldri byggju við heiðurskúgun. Niðurstöður óháðra rannsakennda benda til að allt að 240 þúsund ungmenni verði fyrir frelsisskerðingu vegna heiðurskúgunar í Svíþjóð.

Hugtakið heiðurskúgun leiðir oft hugann að ofbeldi og nauðung sem lýtur að kröfu um skírlífi, um að hafa stjórn á ráðahag ungs fólks og takmarka möguleika þeirra á fullorðinsaldri. Eins og mörg dómsmál sýna getur sá sem neitar að beygja sig undir kennisetningar heiðursofbeldishyggjunnar í versta tilfelli orðið að gjalda fyrir það með lífi sínu.

Í Svíþjóð var lengi dregið í efa og deilt um hvort taka ætti heiðurstengd málefni til umræðu. Enn í dag kemur fyrir að lítið sé gert úr heiðursofbeldishyggju eða hún réttlætt. Umfang vandans ásamt áhuga stjórnmalamanna og ekki síst þolendanna sjálfra varð til þess að auka meðvitund um slík mál og tillögur um aðgerðir tóku á sig mynd. Því má þó ekki gleyma að jafnvel þar sem heiðurskúgun er fágæt kemur hún jafnhart niður á þeim sem fyrir henni verða. Í löndum þar sem heiðurskúgun tíðkast einungis hjá fámönnum minnihlutahópum kann samfélagið að vera verr í stakk búið að bregðast við. Er því rík ástæða fyrir Norðurlönd til að taka málefnið á dagskrá og vinna að því saman svo að þekking og reynsla einstakra landa nýtist fleirum.

Öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna komu sér saman um Heimsmarkmið um sjálfbæra þróun til ársins 2030 en þau eru 17 alls og undirmarkmið þeirra 16g. Fimmta markmiðið á að stuðla að jafnrétti svo að stúlkur, drengir, konur og karlar standi jafnt að vígi og fá sömu tækifæri. Eitt af undirmarkmiðum 5. heimsmarkmiðsins fjallar um afnám allra skaðlegra síða eins og barnahjónabanda, snemmbúinna og þvingaðra hjónabanda og limlestingu kynfæra kvenna og stúlkna. Í maí 2017 fullgilti Evrópska ráðið samning um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi (Istanbul-samninginn). Í samningnum kemur skýrt fram að afbrot kennd við „svokallaðan „heiður““ og limlesting á kynfærum stúlkna og kvenna teljast til ofbeldis gegn konum. Fullgilding leggur kvöð á ESB að vernda og styðja þolendur með því að veita þjónustu á borð við varanlega hjálparsímaþjónustu og sérhæfða lækniþjónustu auk þess að vinna að forvörnum til að stuðla að breytingum í því skyni að uppræta fordóma, venjur og hefðir sem byggjast á hugmyndum um lága stöðu kvenna eða staðalímyndum um kynhlutverk.

Í skýrslunni „Þekking sem nýtist - Tillögur um aukið norrænt samstarf á sviði félagsmála“ beinir Árni Páll Árnason, fyrrverandi félagsmálaráðherra Íslands, kastljósinu einnig að því að Norðurlandasamstarfið þurfi í auknum mæli að byggjast á þekkingu og óskum borgaranna. Þekking sem nýtist í starfi og miðlun reynslu af því sem gefst vel er kjarninn í boðskap Árna Páls. Fræðimenn á Norðurlöndum þurfa að



miðla sín á milli af þekkingu sinni, að þróa aðferðir og skipulag fyrir viðkomandi stjórnvöld hvað varðar heiðursöfbeldi. Borgaralegt samfélag gegnir mikilvægu hlutverki við að stemma stigu við heiðursöfbeldi og -kúgun og mismunandi birtingarmyndum þess eins og barnahjónaböndum, þvinguðum hjónaböndum og limlestingum kynfæra. Borgaralegt samfélag býr yfir langri reynslu af að koma til móts við og styðja brotþola og þá sem eiga undir högg að sækja í þessu tilliti. Huga þarf að ávinningi af samvinnu hins opinbera og borgaralegs samfélags til að styrkja hana og þróa.

Samvinna milli landa er ómetanleg fámennum þjóðum í þekkingarleit sem ella ættu erfitt með að afla sér þekkingarinnar þar sem reynsla á sviðinu heima fyrir er af skornum skammti.

Heiðurskúgunar getur einnig gætt yfir landamæri innan Norðurlanda. Ungt fólk kann að vera neytt í hjúskap í öðru norrænu landi. Refsidómur ættbálka og skyldfólks utan laga og réttar kann sömuleiðis að teygja sig milli landa.

Sjónarmið nefndarinnar

Í nefndinni er víðtæk samstaða um markmið tillögunnar en í umræðum um hana kom fram ósk um viðbót við tilmælin þess efnis að athygli væri með skýrum hætti vakin á kynferðislegum minnihlutahópum meðal ólíkra hópa þar sem kennisetningar tengdar heiðurssjónarmiðum bæði mæla fyrir um og vinna gegn möguleikum einstaklinga á að velja sér lífsförunaut að eigin ósk.

Stokkhólmi, 30. október 2019

Bente Stein Mathisen (H)

Guðmundur Ingi Kristinsson (Flf)

Heli Järvinen (grænum)

Ilmari Nurminen (sd)

Ina Strøjer-Schmidt (SF)

Kaisa Juuso (saf)

Kasper Roug (S)

Kolbeinn Óttarsson Proppé (VG)

Maria Stockhaus (M)

Nina Sandberg (A)

Outi Alanko-Kahiluoto (grænum)

Paula Bieler (SD)

Per-Arne Håkansson (S)

Tony Wikström (ÅSD)